

CESIP

upplýsingar um markaðsaðgang á einum og sama stað: Kína og Evrópa

CESIP, sem er veflægur vettvangur til **upplýsingaöflunar á einum stað** um markaðsaðgang að Kína og **Evrópska efnahagssvæðinu**, aðstoðar fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, að alþjóðavæðast. Heildarmarkmiðið er að styrkja viðskipti lítilla og meðalstórra fyrirtækja milli Evrópu og Kína.

Bakgrunnur

Mismunandi tæknireglur, mismunandi staðlar og mismunandi kröfur varðandi markaðsaðgang fela í sér viðskiptahindranir milli Kína og Evrópu.

Með CESIP tóku stjórnvöld í Kína og Evrópu sig saman um að setja upp einn afgreiðslustað fyrir upplýsingar um markaðsaðgang: tekin var saman yfirlit yfir hinar mismunandi aðferðir, nákvæmar lýsingar á vöruflokkum og tilvísanir í staðla sem styðjast þarf við í vottunarkerfum um samræmi.

CESIP aðstoðar lítil og meðalstór fyrirtæki að kanna markaðstækifæri utan landamæra sinna. Markmið CESIP er að hafa allar upplýsingar um markaðsaðgang til reiðu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og eyða þar með þörfinni fyrir tímafreka leit að upplýsingum.

CESIP er einstakt í samanburði við aðrar veflægar upplýsingaveitur:

- í fyrsta skipti taka upplýsingar um markaðsaðgang til **atvinnugreinastaðla** í Kína, sem eru afar mikilvægir til þess að meta samræmi en einnig afar óaðgengilegir,
- upplýsingar um markaðsaðgang eru byggðar upp eftir vöruflokkum - núverandi flokkar eru vélar, lækningatæki og rafmagnsbúsáhöld - útvíkkun þessara flokka er í undirbúningi
- allar upplýsingar eru á tveimur tungumálum, ensku og Mandarín kínversku og þær eru uppfærðar reglulega
- **mikilvægastur af öllu** er „**endurgjafarvettvangur**“, sem sendir tillögur notenda til CESIP teymisins.

Nokkrar lykilupplýsingar

- CESIP hefur verið á netinu síðan 2009. CESIP veitir gjaldfrjálsar upplýsingar um markaðsaðgang varðandi rafmagnsbúnað, lækningtæki, vélbúnað og umhverfisvernd.
- Vísað er **til meira en 4.500 Evrópustaðla, 3000 kínverskra landsstaðla og 16.000 kínverskra atvinnugreinastaðla** sem framleiðendur þurfa ða taka mið af til þess að öðlast markaðsaðgang.
- Gagnsæ flokkun eftir alþjóðlegum vörunúmerum (International Classification of Standards - ICS) gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum auðveldara að finna með greiðum hætti staðla sem eiga við um atvinnugrein þeirra.
- Frá og með 2013 mun CESIP smám saman færa út kvíarnar og ná yfir aðrar atvinnugreinar: vefnaðarvöru, leikföng, barnavörur, úðaefnabrusa, pakkningarefni og orkunýtni bygginga.

CESIP nýtur stuðnings af viðræðum milli eftirlitsaðila framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, stjórnarsviðs almennrar atvinnustarfsemi og iðnaðar, og staðlaráðsins í Kína.

Upplýsingar um staðlana hjá CESIP eru fengnar frá Evrópusambandinu (CEN, CENELEC) og staðlastofnunum í Kína.

Veffang CESIP:

<http://www.eu-china-standards.eu>